



Hörgársveit

Fréttabréf

24. júní 2013 4. árgangur 13. tölublað

Jónasarlundur

Ákveðið hefur verið að hafa vinnudag í Jónasarlundi þann 27. júní nk. frá kl. 13 til 17. Lundurinn er mjög illa farinn eftir snjóþungan vetur og nauðsynlegt að taka til hendinni. Ennfremur stendur til að laga girðinguna um lundinn.

Áhugasamir hafi vettlinga og sög meðferðis.

Eyðing skógarkerfils

Eins og undanfarin ár verður í sumar spornað við útbreiðslu skógarkerfils í sveitarfélaginu. Að þessu sinni verða um þrjú þættar ráðstafanir að ræða:

- Dreifing eyðingarefna á þeim stöðum meðfram vegi þar sem þéttleiki plöntunnar er mestur. Samið hefur verið við Gretti Hjörleifsson um það verkefni.
- Innkaup á eyðingarefni sem landeigendur sjá um dreifingu á. Jón Þór Brynjarsson mun hafa milligöngu um útvegum efnisins, síminn hjá honum er 860 6846.
- Á stökum litlum útbreiðslusvæðum sjá starfsmenn Hörgársveitar um eyðingu skógarkerfils.

Sumarlokun á skrifstofu

Skrifstofa sveitarfélagsins verður lokuð vegna sumarleyfa
33. viku ársins, frá 12. til 16. júlí.

Hörgársveit

Sími: 461 5474 **Fax:** 461-5475

Netfang: horgarsveit@horgarsveit.is

Póstfang: Þelamerkurskóli, 601 Akureyri

Veffang: www.horgarsveit.is

Údráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Fundur nr. 36 19. júní 2013 Mætt voru: Axel Grettisson, Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi Bjarni Steinsson, Helgi Þór Helgason og Jón Þór Benediktsson. Fundarritari: Hjalti Jóhannesson.

1. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar, 12. júní 2013.

Skv. lögfræðialíti eru fjórir sveitarstjórnarmenn vanhæfir til að fjalla frekar um málefni Blöndulínu 3; Hanna Rósa Sveinsdóttir, Helgi Þór Helgason, Helgi Steinsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir. Því þarf að taka upp að nýju upp 1. lið ofangreindrar fundargerðar. Sex annarra liða gefa tilefni til ályktunar af hálfu sveitarstjórnar, þ.e. 3. Fagravík, grenndarkynning, bæta við 32 fm. frístundahúsi, 5. Dagur íslenskar náttúru, 6. Skógarhlíð 17, breikkun á bílastæði, 7. Gamli barnaskólinn Hjalteyri, bílgeymsla, 8. Eyðing skógarkerfils og 9. Hlaðir, umsókn um framkvæmdaleyfi vegna hitaveitulagnar.

3. liður: Samþykkt að vísa erindinu til grenndarkynningar meðal íbúa Pétursborgar. Bráðabirgðaleyfi fyrir gám á mörkum deiliskipulagssvæðis, norðan Pétursborgar, er útrunnið og ber að fjarlægja hann. 5. liður: Samþykkt að Hörgársveit haldi hátíðlegan dag íslenskrar náttúru. 6. lið vísað til deiliskipulagsgerðar Lónsbakka. 7. liður samþykktur. 8. liður: Unnið verði að eyðingu skógarkerfils með svipuðum hætti og 2012. 9. liður: Samþykkt framkvæmdaleyfi.

2. Fundargerð menningar- og tómstundanefndar 4. júní 2013.

Fundargerðin er í fimm liðum. Tveir þessara liða gefa tilefni til ályktunar af hálfu sveitarstjórnar, 1. Verklag við styrkbeiðnir og styrkveitingar og 2. Stefna í menningarmálum á starfssvæði Eyþings 2013-2020.

Sveitarfélagið styrki fyrst og fremst starfsemi frjálsra félaga en síðan sé það ákvörðun viðkomandi félaga með hvaða hætti þau styrki sína iðkendur eða félagsmenn. Sveitarstjóra falið að útfæra nánar verklagsreglur. Samþykkt að menningar- og tómstundanefnd hefji mótun menningarstefnu fyrir Hörgársveit.

3. Starfshópur um húsnæðismál Þelamerkurskóla

Á fundi sveitarsjórnar 20. mars 2013 var samþykkt að Axel Grettisson, Hanna Rósa Sveinsdóttir og Sunna H. Jóhannesdóttir mynduðu starfshóp m.a. til að undirbúa útboð vegna fyrirliggjandi viðhaldsverkefna. Starfshópurinn hefur komið saman til að ræða verklag við vinnu sína og voru hugmyndir að því ræddar.

Samþykkt að starfshópurinn kalli skólustjóra Þelamerkurskóla, leikskólustjóra Álfasteins og fulltrúa foreldrafélaga skólanna tveggja til

samráðs. M.a. verði horft til mögulegra breytinga á fyrirkomulagi skólamála samhliða endurbótum á húsnæði þelamerkurskóla.

4. Sveitarstjórnarskrifstofa, hugmyndir um tilfærslu.

Komið hafa fram hugmyndir um að færa skrifstofu sveitarfélagsins í rými syðst á 2. hæð í B-álmú til að bæta aðstöðu starfsmanna og annarra auk þess gera skrifstofuna aðgengilegri og sýnilegri.

Sveitarstjórn samþykkir að skrifstofa sveitarfélagsins verði flutt á þennan stað sumarið 2013, með lágmarkstilkostnaði.

5. Samþykkt um stjórn Hörgársveitar.

Bréf frá innanríkisráðuneytinu um stjórn Hörgársveitar. Gerðar eru nokkrar athugasemdir og tillögur til breytinga.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að gera breytingar í samræmi við umræður á fundinum og senda ráðuneytinu til staðfestingar.

6. Þelamerkurskóli, eftirfylgni með úttekt.

Bréf frá mennta- og menningarmálaráðuneyti þar sem óskað er eftir upplýsingum um úrbætur. Skólastjóra hefur verið falið að svara erindinu.

7. Dagverðareyri, umsókn um stofnun nýs lögbýlis

frá Gígju Snædal o.fl. á landspildu 221364 úr landi Dagverðareyrar.

Samþykkt.

8. Ályktun vegna áhrifa slæms tíðarfars á landbúnað.

Vorið 2013 urðu margir bændur í Hörgársveit fyrir miklum fjárhagslegum skaða vegna óvenjumikils kals í túnum, sérstaklega bændur í Öxnadal og Hörgárdal þar sem stór hluti túna á mörgum bæjum var ónýtur. Kom þetta áfall í kjölfar langs vetrar og mikilla þurrka á síðastliðnu sumri. Lagðist á eitt langur gjafatími búfjár og óvenju lítill hefyngur síðasta sumar. Urðu margir að kaupa sér hey í vor. Eðlilegt er að bændur þurfi ekki einir að bera þetta tjón heldur komi Bjargráðasjóður eða önnur samfélagsstofnun með framlög til bænda sem verst urðu úti. Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins mat tjón hjá bændum í vor auk þess sem hægt er að leggja fram gögn um áfallinn kostnað til að meta tjónið.

Sveitarstjórn Hörgársveitar hvetur stjórnvöld til að taka á þessum vanda með bændum þar sem hér er um að ræða mjög óeðlilegar aðstæður, hamfarir, sem eru einstaka bændum þungur baggi.

9. Hagaganga, leyfisveitingar.

Tíu umsóknir um hagagöngu bárust voru þær allar samþykktar í kjölfar lauslegrar úttektar fulltrúa Landgræðslunnar.

10. Leiðbeiningar til sveitarstjórna um viðauka við fjárhagsáætlun

frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga ef þörf er á að víkja frá upphaflegri fjárhagsáætlun lagðar fram til kynningar

11. Nýsköpunarverðlaun í opinberri þjónustu og stjórnsýslu

verða veitt í janúar 2014. Óskað er eftir formlegum tilnefningum vegna verðlaunanna fyrir 1. nóvember 2013.

12. Friðarhlaup Torfa Leóssonar 1. júlí.

Gert er ráð fyrir að plantað verði tré í Jónasarlundi af því tilefni og að það merkt þessum viðburði. Áformað er að nokkrir hlauparar úr sveitarfélaginu muni hlaupa til móts við friðarhlauparana.

13. Akureyrarbær, aðalskipulagsbreyting; hafnarsvæði, reiðleiðir og Hesjuvellir.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við umrædda tillögu.

14. Umsögn um drög að samþykkt um búfjárhald í Hörgársveit.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur gert tiltekna lagfæringar á drögum og einnig fylgir ljósrit af umsögn Bændasamtaka Íslands dags. 15. apríl 2013.

Sveitarstjóra falið að gera breytingar í samræmi við umræður á fundinum og senda ráðuneytinu til staðfestingar.

Sæludagsfundur

Fundur um sæludaginn verður haldinn í Leikhúsinu, Möðruvöllum fimmtudaginn 27. júní kl. 20:00.

Áríðandi að allir sem hafa hug á því að taka þátt með einhverjum hætti mæti.

Viðhald girðinga meðfram þjóðvegum

Eins og minnt var á í 11. tbl. eru landeigendur beðnir um að sinna viðhaldi girðinga meðfram þjóðvegum. Vinsamlegast tilkynnið um slíkt viðhald til sveitarstjóra í síma 461 5474 eða með tölvupósti á netfangið horgarsveit@horgarsveit.is

Næsti fundur sveitarstjórnar verður 15. ágúst í Þelamerkurskóla.

Dagskrá fundarins mun birtast á www.horgarsveit.is síðdegis 13. ágúst.